



Reykjavík, 30. október 2018

R18010348

1210

TRÚNAÐARMÁL

Borgarráð

Tillaga um lántökur vegna framkvæmda á árinu 2019

Lagt er til að borgarstjórn samþykki lántökur á árinu 2019 að fjárhæð 5.500 m.kr. vegna áformaðra framkvæmda og fjárfestinga á árinu 2019. Jafnframt er lagt til að veita fjármálastjóra umboð f.h. Reykjavíkurborgar til þess að undirrita nauðsynlega gerninga sem tengjast skuldabréfaútgáfu borgarsjóðs, sem og til þess að taka á móti og undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökum þessum, enda verði einstakar lántökur lagðar fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að þessi fjármögnun verði fengin með skuldabréfaútböðum borgarsjóðs á árinu en fjármálastjóri skal leggja niðurstöður hvers útböðs fyrir borgarráð til afgreiðslu. Fjármálastjóra er falið að skipuleggja þessa fjármögnun á árinu, leggja fram tímaáætlun útböða fyrir borgarráð og meta m.t.t. til markaðsaðstæðna og fjárþarfar hvernig útböðum skal háttað.

Tillagan miðast við að fjármagna 29% af fjárfestingum ársins 2019 með langtímalánum og 24% árið 2020 en frá og með 2021 hefjast hreinar niðurgreiðslur á langtímalánum. Að teknu tilliti til skammtímafjármögnunar 2018 og 2019 hefist niðurgreiðsla skammtíma og langtímalána frá og með árinu 2021 eins og kemur fram í töflunni að neðan.

Lántaka A-hluta	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals 2018-2023
Ný langtímalán	7.520	5.500	3.900	0	0	0	16920
Afborganir langtímalána	-1.598	-1.969	-2.097	-2.340	-2.045	-2.129	-12178
Ný skammtímalán	1.200	2.800					4000
Afborganir skammtímalána			-600	-1600	-1000	-800	-4000
Nettó lántaka	7.122	6.331	1.203	-3940	-3045	-2929	4742
Handbært fé í árslok	6.012	6.564	8.625	10.380	14.366	22.505	

Eins og taflan hér að ofan sýnir er nettó lántaka tímabilsins 2018-2023 um 4.742 m.kr. en handbært fé í lok tímabilsins 22.505 m.kr. þannig að ekki er ósennilegt að óbreyttu að niðurgreiðsla skulda verði örari en hér er gert ráð fyrir.


Þegar fyrir liggur samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu á hágæða almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu (m.a. borgarlínu) getur komið til endurskoðunar á fjárfestingar- og lánsfjármögnunaráætlun borgarinnar til næstu fimm ára.

Gert er ráð fyrir að fjármögnun fjárfestinga fari aðallega í gegnum eftirtalda skuldabréfaflokka borgarsjóðs:

- a. RVK 32 1 sem er millilangur verðtryggður skuldabréfaflokkur.
- b. RVKN 35 1 sem er óverðtryggður millilangur skuldabréfaflokkur.
- c. RVK 53 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur.

Allir ofangreindir skuldabréfaflokkar eru í kauphöll með viðskiptavakt.

Komi til þess að alþingi samþykki að fella niður fjármagnstekjuskatt á sveitarfélög kemur til álita að Reykjavíkurborg taki lán til viðbótar ofangreindu til að endurlána til Félagsbústaða vegna uppbyggingar á félagslegu húsnæði.



Dagur B. Eggertsson